

Umhverfisstofnun
Kjartan Ingvarsson
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 28. febrúar 2012
2012020014/42-1-1
TB
jgo/tb

Efni: Frumvarp til breytinga á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum

Vísað er til bréfs umhverfisstofnunar Íslands, dags. 8. þ.m. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingar á lögum nr. 64/1994 vegna skýrslu starfshóps umhverfisstofnunar um verndun og endurreisn svartfuglastofna.

Náttúrufræðistofnun Íslands er sammála því að taka þurfi af allan vafa um að öll veiði þ.m.t. hlunnindaveiði gangi ekki framur friðunarákvæðum laganna. Jafnframt að heimildir til veiða byggji á þeirri forsendu sem kemur fram í 7. gr. laga nr. 64/1994, að ákvörðun um að aflétta friðun sé aðeins heimil að viðkoma stofns sé nægileg til þess að veða upp á móti afföllum vegna veiða og að með veiðum sé verið að nýta verðmæti í afurðum.

Náttúrufræðistofnun fagnar því að eggjataka skuli skv. frumvarpinu verða bundin við handahafa hlunnindakorta og að eggjataka verði skráningarskyld. Litlar upplýsingar eru til um umfang eggjatöku á Íslandi og brýnt að bæta úr því ástandi til að tryggja sjálfbæra nýtingu viðkomandi fuglastofna. Eggjataka er hluti af nýtingu tegundar og skráning hennar nauðsynleg vitneskja til að geta metið áhrif hennar á viðkomandi stofn. Náttúrufræðistofnun er hins vegar ósammála því að þeir sem fá heimild til eggjatöku þurfi ekki að fara á námskeið líkt og þeir sem fá heimild til annarra veiða. Nauðsynlegt er að þeir sem stunda eggjatöku þekki eggin og viti hvernig best er að standa að eggjatöku eftir því um hvaða fuglategund er að ræða, en þær bregðast mismunandi við slíkri truflun. Lágmark er að Umhverfisstofnun beri skylda til að gefa út ítarlegar leiðbeiningar um eggjatöku fyrir þá sem fá heimild til að stunda hana.

Náttúrufræðistofnun tekur einnig undir og telur mjög til bóta að útvíkka bann við skotveiði við fuglabjörg úr 500 m í 2000 m og að óheimilt verði að ryðja eggjum úr fuglabjörgum.

Náttúrufræðistofnun styður breytinguna sem lögð er til á 17. gr. a og felst í viðtækari heimild ráðherra til að banna með reglugerð verslun með fugla og afurðir þeirra. Samkvæmt breytingunni nær heimildin einnig til hlunnindaveiða, sem hún gerir ekki skv. gildandi lögum. Stofnunin vill þó vekja athygli á að ákvæði 1. mgr. 17. gr. a um heimild ráðherra til að banna




sölu á fuglum og afurðum þeirra með reglugerð hefur aldrei verið beitt frá því löggin voru sett árið 1994. Náttúrufræðistofnun telur brýnt að umrædd reglugerð líti dagsins ljós sem fyrst.

Í 4. gr. frumvarpsins eru lagðar til breytingar á 20. gr. laganna. Gert er ráð fyrir að heimildir til að taka egg frá öndum og gæsum verði óbreyttar, en að sölubann á eggjum þessara tegunda verði felld niður. Náttúrufræðistofnun leggst gegn því að síðasta setning 6. mgr. 20. gr. laganna verði felld brott, en hún hljóðar svo: "*Andaregg og heiðargæsaregg, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum þessarar málsgreinar, má hvorki bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf*". Umrætt bann hefur verið í gildi í rúma hálfu öld og í frumvarpinu eru engin rök fyrir að aflétta því núna. Í athugasemdum við 4. gr. frumvarpsins er ekki minnst á þessa breytingu á lögnum.

Náttúrufræðistofnun telur að nota ætti þetta frumvarp til að breyta nokkrum heimildum er varða nýtingu hlunninda, sérstaklega hvað varðar eggja- og ungatekju. Stofnunin veit að heildarendurskoðun laganna fer nú fram á vegum ráðuneytisins og að væntanlega verði lagt fram nýtt frumvarp á grundvelli hennar, sem taki m.a. til nýtingar hlunninda. Þrátt fyrir það telur Náttúrufræðistofnun að nota eigi það frumvarp sem hér er til umræðu til að fella brott úrehtar heimildir eins og t.d. til dráps á súlu- og skúmsungum. Og undanþágu í 9. gr. laganna til að drepa súluunga með barefli!

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

